

Tillaga til 462. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 1. október 2020

Tillaga frá 544. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór 23. september 2020, um að bæjarstjórn heimili vinnu við breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og deiliskipulagsbreytingu samhliða varðandi Sundstræti 36, Ísafirði.

3. Ósk um breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar og deiliskipulagi vegna Sundstræti 36 til 38 - 2020020003

Gunnar P. Eydal hjá Verkís hf. sækir um f.h. Hraðfrystihússins Norðurtanga ehf. og Kerecis hf. um breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Óskað er eftir því að gert verði ráð fyrir rekstri hátækniseturs með sérbúnum rannsóknarstofum á hluta lóðar við Sundstræti 36 á Ísafirði. Einnig er óskað eftir heimild frá Ísafjarðarbæ til að vinna deiliskipulagsbreytingu samhliða aðalskipulagsbreytingunni. Fylgigögn eru umsóknir frá 4. Sept. s.l.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila vinnu við breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og deiliskipulagsbreytingu samhliða varðandi Sundstræti 36, Ísafirði.